

Kubbi íþróttafélag eldri borgara Ísafjarðarbæ.

Ársskýrsla 2022.



Ársskýrsla stjórnar.
Kubba íþróttafélags eldri borgara Ísafjarðarbæ
fyrir árið 2022.

Strax í upphafi árs hófst starfið með æfingum í Boccia og sundleikfimi.

Boccia:

Árið 2022 í byrjun janúar hófust boccia-æfingar og var mæting nokkuð góð 12 – 22 á æfingu þegar flestir mættu. Æfingar voru með sama hætti og áður þrjá æfingar í viku þ.e. mánudaga, miðvikudaga og föstudaga í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Fyrstu vikurnar þurfti að gæta varúðar vegna Covid-19 smitunar þó ekki væri notaðar grímur.

Okkar árlega Góumót í Boccia héldum við dagana 28. og 30. mars, til keppni voru skrá fimm lið. Okkar árlega tvímenningsmót í Boccia var haldið 7., 9. og 11.nóvember og voru að þessu sinni skráð til keppni níu lið.

Æfingar stóðu fram í miðjan maí og þá farið í sumarfrí og byrjað að nýju í byrjun október. Stjórnandi æfinga var Kristján S. Kristjánsson. Um stjórn og framkvæmd Bocciamóta sá Jens Kristmannsson.

Í stað þess að fara saman á jólasмурbrauð, fór Boccia-hópurinn ásamt mökum í skúrinn í lok nóvember og snæddi saman hangikjöt áður en 2 félagar flugu á suðrænar slóðir til vetrar dvalar.

Sund:

Sundtíma fengum við í Sundhöll Ísafjarðar tvisvar í viku, eins og undanfarinn ár. Á æfingum er að jafnaði 15 til 20 manns aðallega konur, karlar eru líka velkomnir. Stjórnandi sundleikfiminna var eins og undanfarinn ár Rannveig Pálsdóttir.

Púttvöllurinn:

Púttvöllurinn leit vel út eftir veturinn, það var því nokkuð snemma, sem þessi venjulegu vorverk voru drifin af, af félögum í Golfklúbbi Ísafjarðar. Rista, sanda, sá og borðið á. Völlurinn var svo opnaður 16.maí. Heimsóknir á völlinn frá 16.maí til 13.október þegar honum var lokað voru 1944, sem höfðu skráð í gestabók. Nokkuð víst er að ekki hafi allir skráð komu sína, eins mæta sumir tvisvar sama daginn. Völlurinn var opin í 151 dag og að jafnaði voru því gestir 389,5 á mánuði eða um 12,87 á dag. ---- Í mars byrjun birtist í fjölmiðlum frétt um að Ísafjarðarbær og Heilbrigðisráðuneytið hefðu gert samkomulag um stækkun á Eyri hjúkrunarheimili á Ísafirði. Áætlað var að framkvæmdir hæfust á þriðja ársfjórðungi 2022. Áformað er að stækkunin verði til suðurs og tæki þá stóran hluta Púttvallarins. Þegar völlurinn var byggður á árunum 2007 og 2008 var það gert í samvinnu Ísafjarðarbæjar, Félags eldri borgara, Golfklúbbsins og HSV. Ekkert samráð var haft við þessa aðila þegar ákvörðun þessi var tekin og kynnt. Ekki er vitað hvenær fyrirhugaðar framkvæmdir hefjast, en Bæjarráð Ísafjarðar hefur samþykkt að gert verði samkomulag við Félag eldri borgara og Kubba um breytingar á vellinum. Það er von okkar að þetta samkomulag verði gert sem fyrst og að fyrirhugaðar framkvæmdir raski sem minnst starfsemi okkar í framtíðinni.

Pútt:

Sumarið 2022 voru haldin 6 púttmót á vegum félagsins. Öll púttmót félagsins enda á verðlaunaafhendingu og kaffiveitingum, sem að jafnaði eru í höndum stjórnarkvenna. Púttmótin sem haldin voru þetta árið voru: Opnunarmót, Héðinsmót, Skemmti- og Plankamót, Paramót, Fyrirtækjamót og Lokamót. Auk fyrrgreindra móta tókst okkur að halda hér Íslandsmót 60+ í Pútti. Mót þetta átti upphaflega að vera 2020 en var fresta í tvígang vegna Covit 19. Íslandsmót Pútt 60+ er einstaklings og sveitakeppni, bæði í karla- og kvennaflokki. Þátttakendur voru 30 í karlaflokki og 22 í kvennaflokki. Í sveitakeppni karla voru 9 sveitir og 6 sveitir í kvennaflokki.

Leikjadagur:

Að þessu sinn var ekki hægt að efna til leikjadag eldri borgara eins og undanfarin af ýmsum ástæðum. Það er ósk okkar hægt verði að boða til leikjadags á árinu 2023.

Landsmót UMFÍ 50+:

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Borgarnesi, eftir tveggja ára hlé vegna Covit 19.

Fjáraflanir:

Að venju var aðalfjáröflun félagsins Fyrirtækjamótið í Pútti, sem haldið var í september. Að þessu sinni höfðu 17 fyrirtæki skráð sig til keppni, tveir aðilar sendu sína keppendur, en félagar úr Kubba kepptu fyrir aðra. Sigurvegari að þessu sinni var Púttmeistari Kubba Finnur Magnússon og keppti hann fyrir Dokkan Brugghús ehf., sem varðveitir farandbikarinn fram að næsta móti. Á skildi sem festur er á bikarinn er skráð nafn fyrirtækisins og keppandans ásamt ártali.

Lokaorð:

Á árinu var ekki mikið um bókaða stjórnarfundir þó voru haldnir xxx formlegir fundir á árinu, en fleiri óformlegir fundir í tenglum við framkvæmd móta eða aðra viðburði.

Stjórn félagsins var þannig skipuð s.l. ár:

Formaður: Sigríður Þórðardóttir,

varaformaður: Finnur Magnússon,

ritari: Árný Oddadóttir,

gjaldkeri: María Hagalínsdóttir,

meðstjórnandi: Kristján S. Kristjánsson. 051242-2979

Varastjórn: Reynir Pétursson, Gunnlaugur Gunnlaugsson,
Anna Gunnlaugsdóttir.

Ísafirði 12. febrúar 2023

Sigríður Þórðardóttir, formaður.